






# Raunfærni-mat

## Raunfærnimat í stuttu máli

Á vinnumarkaði eru aðilar sem hófu iðnnám en af einhverjum ástæðum luku því ekki.

Raunfærnimat gengur út á að ná til þessara einstaklinga, greina stöðu þeirra, meta færni og gefa þeim kost á að ljúka því iðnnámi sem þeir hófu á sínum tíma.

Þátttakendur eiga þess kost að láta meta færni sem þeir hafa aflað sér utan skólakerfisins með raunfærnimati.

## Samstarfsaðilar

- **IÐAN fræðslusetur**
- **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

IÐAN fræðslusetur

**IÐAN fræðslusetur • Skúlatún 2 • 105 Reykjavík**
**Sími: 590 6400 • www.idan.is**

## Hefur þú starfað við húsasmíði og vilt ljúka námi í greininni?

**Ef þú ert starfandi í greininni en hefur ekki lokið sveinsprófi, þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig**

**Raunfærnimati er ætlað að meta þá þekkingu sem þú hefur og getur hjálpað þér að ljúka námi**

## Hvað er raunfærnimat?

**Raunfærnimat** er mat á þeirri færni og þekkingu í faginu sem þú hefur fengið í starfi og frítíma.

Raunfærnimat getur mögulega stytt nám þitt.

Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

**Raunfærnimat er á engan hátt tilslökun á þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá.**

## Inntökuskilyrði í raunfærnimat

- 25 ára lífaldur
- 5 ára starfsreynsla, staðfest með opinberum gögnum t.d. lífeyrissjóðsyfirliti



## Ferill einstaklings í raunfærnimati

**Hefur samband við IÐUNA fræðslusetur eða næstu fræðslumiðstöð**

**Kynningarfundur**
- Nánari upplýsingar um ferlið
- Spurningum svarað
- Bóka viðtal við náms- og starfsráðgjafa

**Viðtal við náms- og starfsráðgjafa**
- Kynning á ferlinu
- Skilar inn gögnum s.s. staðfestingu á vinnutíma og námsferli
- Farið yfir gögn

**Færniskráning**
- Skráning á fyrra námi, námskeiðum og annarri þekkingu sem einstaklingur býr yfir
- Gátlistar – einstaklingur leggur mat á hæfni sína miðað við gildandi námskrá

**Matsviðtal hjá fagaðila**
- Færni og þekking metin

**Námsáætlun til sveinsprófs**
- Náms- og starfsráðgjöf og eftirfylgni
- Nám samkvæmt námsáætlun
- Sveinspróf

## Skilgreiningar á hugtökum

**Gátlisti**
Sjálfsmat þar sem einstaklingur fyllir út lista sem auðveldar mat á stöðu hans.

**Raunfærni**
Öll færni og þekking sem viðkomandi býr yfir óháð því hvernig hennar hefur verið aflað (t.d. vinna, skólakerfi og sjálfsnám).

**Matsviðtal**
Viðtal þar sem farið er yfir gátlista og staðan metin.





**Nánari upplýsingar er að finna hjá:**
**IÐUNNI fræðslusetri**
**www.idan.is**
**Sími: 590 6400**
**Netfang: radgjof@idan.is**